

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á ógerilsneyddri lífrænni mjólk.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á ógerilsneyddri lífrænni mjólk – frystri, samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Úr tollskrárn.:</i>	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni: <i>- Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd:</i>			
ex 0401.2009	-- Annað (ógerilsneydd lífræn mjólk - fryst)	28.04. - 30.09.14	0	0

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. apríl 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.